

## Fundargerð

189. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 1. febrúar 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
- 2. Umsóknir um starfsleyfi fyrir 90 daga heimagistingu skv. nýju regluverki; kynning.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti nýjar reglur um skráningu og eftirlit með 90 daga gistingu í nafni einstaklinga í eigin húsnæði (heimagisting). Ráðuneytið hyggst leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og fella niður kvöð um starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna slíkrar gistiþjónustu. Skráning vegna heimagistingar og eftirfylgni verður alfarið hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu; rafræn gátt: [www.heimagisting.is](http://www.heimagisting.is). Fram kom að ýmsir aðilar hafa áhyggjur hvað varðar eldvarnir, slyshættur og hollustuhætti ef opinbert eftirlit fellur niður með gistiþjónustu einstaklinga í húsnæði af misjöfnum gæðum.

- 3. Áætlun um að skipta út dekkjakurli á leik- og íþróttavöllum; kynning.**

Þórey Agnarsdóttir kynnti aðgerðaráætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur þar markmið að skipta jafnt og þétt út dekkjakurli á leik- og íþróttavöllum og taka í notkun hættuminni efni. Gert er ráð fyrir að búið verði að skipta út öllu dekkjakurli árið 2026. Þórey og Þorkell Björnsson fóru nánar yfir stöðu mála á Eyjafjarðar- og austursvæði og skýrðu frá framkvæmdum einstakra sveitarfélaga á þessu sviði.

- 4. Dalvíkurbyggð; úrbótaáætlun vegna meðferðar á úrgangi í námu við Hringsholt.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá því að Dalvíkurbyggð hefur lagt fram fyrstu drög að úrbótaáætlun vegna meðferðar á úrgangi í námu við Hringsholt og jafnframt hefur fulltrúi hestamanna í Hringsholti verið í sambandi við heilbrigðisfulltrúa og Dalvíkurbyggð um framkvæmd úrbóta. Unnið er að nánari útfærslu á úrbótaáætlun og verður niðurstaða þeirrar vinnu kynnt á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

- 5. B. Jensen ehf; íbúafundur um brennsluofn; kynning.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá íbúafundi sem sveitarstjórn Hörgársveitar skipulagði að beiðni íbúa um aðkomu sveitarstjórnar, Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra að málinu, reynslu af rekstri ofnsins og mögulegar úrbætur til að koma í veg fyrir að íbúar verði fyrir óþægindum af völdum ólyktar frá brennsluofni. B. Jensen ehf upplýsti að til skoðunar er að bæta mengunarvarnir ofnsins. Sérfræðingur

Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum skýrði ýmis sjónarmið varðandi stefnumótum í brennslumálum. Umræða varð um mikilvægi góðrar staðsetningar á brennsluofni til að fyrirbyggja að íbúar og viðkvæm starfsemi verði fyrir óþægindum vegna ólyktar. Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja málinu eftir. Að óbreyttu fellur starfsleyfi ofnsins niður n.k. haust.

## **6. Skútaberg ehf Moldhaugahálsi; krafa um framlengingu á gildistíma starfsleyfis.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti erindi frá lögmanni Skútabergs ehf Moldhaugahálsi, þar sem gerð er krafa um framlengingu starfsleyfis.

Ákveðið var að fresta afgreiðslu á erindi Skútabergs ehf.

Heilbrigðisfulltrúi skýrði frá áformum Skútabergs ehf og Vegagerðar ríkisins varðandi endurbætur á vegtengingu við Þjóðveg 1 á Moldhaugahálsi og áformum Skútabergs ehf um að binda yfirborð heimreiðar gagnert til að fyrirbyggja rykmyndun vegna umferðar. Skútaberg ehf hefur til skoðunar að nota vatnsbyssur til vökvunar við efnisnám og efnisvinnslu á svæðinu; þannig að lágmarka megi rykmyndun og bæta ásýnd á athafnasvæði fyrirtækisins á Moldhaugahálsi. Þá áformar Skútaberg ehf að bæta ásýnd tveggja vatnstanka á Moldhaugahálsi með því að mála þá á þann hátt að minna beri á tönkunum. Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja úrbótum eftir.

## **Umsagnir:**

### **1. Umsögn um gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit fyrir árið 2017.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti eftirfarandi umsögn:

„Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kynnt sér gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit fyrir árið 2017 og gerir ekki athugasemdir við gjaldskrána.

Fram kemur að gjaldskráin byggir á samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 551/2000.

Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru á ábyrgð sveitarfélagsins og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um.ö

### **2. Tillaga að deiliskipulagi minjasvæðis á Hofsstöðum í Mývatnssveit.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti tillögu að deiliskipulag og fór yfir helstur atriði í umsögn, s.s. hvað varðar fráveitu (rotþrær og siturlagnir).

### **3. Skipulagslýsing vegna breytingar aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 og breyting á deiliskipulagi Holtahverfis á Húsavík.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti skipulagslýsingu og deiliskipulagsvinnu vegna Holtahverfis á Húsavík.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Zophonías Antonsson kt. 220546-2769, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á tveimur frístundahúsum og einu litlu gestahúsi að Höfða 621 Dalvík. **Samþykkt.**
2. Lodge ehf kt. 421109-0950, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsi að Hrímlandi 12, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
3. Daggir ehf kt. 580602-4440, umsókn um starfsleyfi vegna gistingar á einkaheimili að Arnarfelli í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
4. Greifinn Veitingahús ehf, Glerárgötu 20, 600 Akureyri; kt. 441111-0370, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á veitingahúsi. **Samþykkt.**
5. Gestur Jónmundur Jensson, kt. 020571-4549, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsi að Efri-Dálksstöðum í Svalbarðsstrandarhreppi. **Samþykkt.**
6. Hulda Jón. Hafsteinsdóttir kt. 070860-4309, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu (90 daga) í sumarhúsinu Hamarkoti (lóð 2 Hamar), 620 Dalvík. **Samþykkt.**
7. Arna Björk Valgeirsdóttir, kt. 160784-4159, Hólmatún 9, 600 Akureyri, fyrir hársnyrtistofu, Hársnyrtistofu Örnú, Seiglu- miðstöð sköpunar, 650 Laugum. **Samþykkt.**
8. Fitness Akademían ehf kt. 660913-0250, Átak Skólastíg, fyrir sölu og dreifingu á matvælum og fæðubótarefnum. **Samþykkt.**
9. Björg Einarsdóttir kt. 050556-4099, Hrafnagilsstræti 14, 600 Akureyri, fyrir sjúkranuddstofu, Sjúkranuddstofu Bjargar, á neðri hæð í Hrafnagilsstræti 14, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Haraldur Páll Guðmundsson, kt. 140758-3299, Brekknakoti, 681 Þórshöfn, heimagisting. Rekstrarleyfi gististaður fl. 1. Heiti gististaðar Brekknakot. **Samþykkt.**
11. Jóna Jónsdóttir, kt. 280757-3149, Daðastöðum Þingeyjarsveit, heimagisting. Gististaður fl. 1. Heiti gististaðar Daðastaðir, heimagisting. **Samþykkt.**
12. Snyrtipinninn, Anna Geirlaug Kjartansdóttir, kt. 050675-3789, Seiglu, Laugum, Þingeyjarsveit. **Samþykkt.**
13. Steindór og Anna ehf, kt. 531106-0320, Klappahrauni 8, 660 Mývatnssveit. Mötuneyti nr. 2 hjá Landsvirkjun á Þeistareykjum. **Samþykkt.**
14. Fangelsið Akureyri, kt. 621214-1280, Lögreglustöðinni Þórunnarstræti, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

15. A. Vatnsdal ehf/ Axelsbakarí kt. 501115-1500, umsókn um starfsleyfi fyrir bakarí og kaffihús. **Samþykkt.**
16. Lögreglustjórinn á Norðurlandssvæði eystra; kt. 670814-0410; umsókn um starfsleyfi fyrir fangageymslur til skammtímavistunar í eftirtöldum lögreglustöðvum; Akureyri, Þórunnarstræti 138, Dalvík, Gunnarsbraut 6, Húsavík, Útgarði 1, Þórshöfn, Eyrarvegi 2. **Samþykkt.**

### Önnur mál:

-Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá beiðni sem barst frá lögreglu um skoðun á íbúð sem skjólstæðingur Akureyrarbæjar hefur til ráðstöfunar; heilbrigðisfulltrúi gaf út yfirlýsingu um að íbúðin væri óíbúðarhæf vegna vanþrifa og Akureyrarbær greip strax til viðeigandi aðgerða.

-Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi skýrði frá nokkrum athugasemdum sem Landvernd hefur gert varðandi fráveitumál í Mývatnssveit og skýrði tilkomu þeirra mála.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.35

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Hjördís Stefánsdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Benedikt Kristjánsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Þórarinn Þórisson

---

María Markúsdóttir

---

Hólmfríður G. Jónsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir